



GULLKLÚBBURINN

SKILMÁLAR

Gullklúbbsaðild fyrirtækis skal komið á framfæri þegar pantað er á Grand Restaurant, Fjalakettinum eða Uppsölum. Ef tveir eða fleiri borða saman fær einn fulltrúi fyrirtækisins fría máltíð. Aðeins einn frá fyrirtækinu fær frítt hverju sinni en fari fjöldi gesta yfir 10 tekur við 10% veitingaafsláttur. Afsláttur gildir fyrir allar veitingar, þó ekki á áfengum drykkjum.

Ávísanir við inngöngu: Þrjár ávísanir sem hver gildir fyrir gistingu fyrir tvo á Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum, Best Western Hótel Reykjavík eða Fosshótelum. Panta þarf gistingu fyrirfram og láta vita um leið að ætlunin sé að nota ávísunina. Morgunverður innifalinn. Við innritun verður að framvísa ávísuninni. Ekki er hægt að staðfesta pantanir með meira en sex vikna fyrirvara.

Sérverð á gistingu fyrir klúbbfélaga: Ef pantað er fyrirfram og gefin upp kennitala fyrirtækis fá klúbbfélagar gistingu á því verði sem sjá má hér til hliðar. Þetta verð gildir fyrir klúbbfélaga og gesti þeirra. Þetta er háð því að laust pláss sé á hótelnunum. Hótelin áskilja sér rétt til að takmarka herbergjafjölda við 5 herbergi á háannatímum. Sérverð gildir eingöngu fyrir bein viðskipti, ekki til þriðja aðila.

Ávísun á fundarsal: Ávísun má nota sem greiðslu fyrir allt að 30 manna fundarsal á Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum, eða sem 48.000 kr. greiðslu upp í stærri sal. Úthlutun sala er í höndum starfsfólks hótelsins. Þegar salur er pantaður verður að taka fram að greitt verði með ávísun. Ávísunin gildir aðeins fyrir leigu á salnum.

Vinsamlega beinið pöntunum beint til ráðstefnudeildar í síma **514 8000** eða á netfangið **radstefnur@grand.is**

Frekari afsláttur vegna funda: 20% afsláttur af leigu á fundarsölum og tækjum, 10% afsláttur af veitingum tengdum fundarhaldi, þó ekki af áfengum drykkjum.

Reykjavík Spa: Félagar fá 20% afslátt af meðferðum og aðgangi í spað

Fleiri tilboð: Uppákomur og tilboð fyrir Gullklúbbshafa verða send rafrænt með fréttabréfi Gullklúbbsins.

Takmarkanir: Ávísanir á gistingu eða fundarsal er hægt að gefa hverjum sem er. Hvers kyns tilraun til að selja, bjóða til skipta eða auglýsa forréttindi Gullklúbbshafa til þriðja aðila getur varðað brottrekstri úr klúbbnum.

Gildistími: Gullklúbbsaðild gildir til 1. janúar 2017.

SÉRVERÐ Á GISTINGU FYRIR KLÚBBFÉLAGA

Best Western Hótel Reykjavík og Fosshótel

| | |
|-----------------------|------------|
| Vetur (01.10.-30.04.) | 13.000 kr. |
| Sumar (01.05.-30.09.) | 23.000 kr. |

Fosshótel Reykjavík

| | |
|-----------------------|------------|
| Vetur (01.10.-30.04.) | 16.000 kr. |
| Sumar (01.05.-30.09.) | 26.000 kr. |

Hótel Reykjavík Centrum

| | |
|-----------------------|------------|
| Vetur (01.10.-30.04.) | 16.000 kr. |
| Sumar (01.05.-30.09.) | 26.000 kr. |

Grand Hótel Reykjavík

| | |
|-----------------------|------------|
| Vetur (01.10.-30.04.) | 16.000 kr. |
| Sumar (01.05.-30.09.) | 26.000 kr. |

